

Byggðasafn Hafnarfjarðar
Katrín Gunnarsdóttir
Strandgötu 4
220 Hafnarfjörður



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 4. júní 2013
Fvr 2013060008 IKM

Efni: Rafstrengur HS veitna frá Vatnsskarðsnámu til Krýsuvíkur.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Byggðasafns Hafnarfjarðar þar sem óskað er eftir álitni stofnunarinnar á ofangreindri framkvæmd. Með bréfinu fylgdu loftljósmyndir þar sem áætluð lega rafstrengsins er sýnd.

Í bréfi byggðasafnsins kemur fram að samkvæmt fornleifaskráningu Fornleifafræðistofunnar frá 1998 eru eftirtaldar fornleifar skráðar í námunda við legu fyrirhugaðrar lagnar:

Nr. 264: Garður, ca. 25-30 m SA af malarvegi.

Nr.265: Garður, ca. 15 m SA af malarvegi.

Nr. 261: Rúst, ca. 100 m NV af malbikuðum vegi.


Nr. 279: Rúst ca. Á Seltúnsbarði, sunnan við Selgil. Ca. 15 m VSV af skilti við bílastæði.

Rafstrengurinn mun liggja austan í þjóðveginum á því svæði þar sem ofantaldar fornleifar er að finna. Rústirnar (Nr. 261 og 279) eru báðar vestan við veginn og því ekki í hættu. Garðarnir (Nr. 264 og 265) eru austan vegar líkt og fyrirhugaður rafstrengur. Garðarnir eru nú lítt eða ekki sýnilegir og því erfitt að merkja þá á meðan á framkvæmdum stendur. Minjastofnun Íslands hvetur framkvæmdaraðila til að halda framkvæmdum eins nærri veginum og unnt er á þessu svæði.

Árið 2008 voru fornleifar á Krýsuvíkursvæðinu skráðar í tengslum við vinnu að öðrum hluta rammaáætlunar. Agnes Stefánsdóttir, starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins, skráði fornleifarnar. Út var gefin skýrsla: *Krýsuvík – Trölladyngja. Fornleifaskráning*. Agnes taldi sig hafa fundið leifar af bænum Kaldrana sem Matthías Þórðarson þjóðminjavörður friðlýsti árið 1930. Leifarnar fundust ekki þegar fornleifaskráningin árið 1998 var gerð. Um

Þessar minjar segir í skýrslu Agnesar:

Kaldrani



Mynd 2. Kaldrani við Kleifarvatn. Friðlýstur garður nr. 863. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður friðlýsti túngarðsleifar býlisins Kaldrana árið 1930 á grundvelli lýsingar Brynjúlfs Jónssonar:

Kaldrani er nefndur í þjóðsögum. Er sagt að hann hafi verið hjáleiga frá Krýsuvík og staðið inn við Kleifarvatn. Og líka er sagt að þar hafi alt fólkið dáið af loðsilungsáti. Örnefnið: Kaldrani er til við vatnið. Sést þar 34 fðm. langur túngarðsspotti úr stórgrýti og lítil grasflöt fyrir ofan, suðaustan í sléttum melhól. Uppi á hólnum er dálítil dreif af hleðslugrjóti, sem virðist flutt þangað af mönnum. Gæti það hafa verið leifar af bænum. Því garðspottinn sýnir það, að þar hafa menn búið á sínum tíma.

Í örnefnaskráum segir að bæjarins sé getið í þjóðsögum og segir sagan að fólkið á bænum

hafi étið loðsilung úr Kleifarvatni sem var eitraður. Um það á þessi vísa að vera:

Liggur andvana
lýður í Kaldrana
Útan ein seta
er ei vildi eta

....

Lýsing

Í austur frá Krýsuvíkurvegi við suðurenda Kleifarvatns liggur vegslóði í átt að frístundabyggð sem þar er við endann á vatninu. 150 metrum NA við vegslóðann og 50 m neðan við Krýsuvíkurveg eru leifar túngarðs (nr. 863) sem svarar nákvæmlega til lýsingar Brynjúlfs hér að ofan. Túngarðsbúturinn er tæplega 60 metra langur og liggur í sveig neðan við melhól. Friðlýsingarskilti er við norðurenda. Krýsuvíkurgur fer yfir háhólinn vestan við garðinn.

Vestan við veginn uppi í hlíðinni fundust leifar af öðrum garði (nr. 862), mun ógreinilegri. Sumsstaðar er einungis ein steinaröð eftir. Garður þessi liggur nærri þráðbeinn u.þ.b. 80 metra langur í SA-NA meðfram veginum. Ef loftmyndin af svæðinu er skoðuð virðist garðurinn halda áfram í NA u.þ.b. 100 metra í viðbót og jafnvel sveigja í átt að veginum. Mögulega hafa þessir tveir garðar ofan og neðan vegar verið samtengdir í upphafi. Ef marka má sagnir um býlið Kaldrana og að túngarðurinn hafi legið umhverfis bæjarstæðið má telja líklegt að bæjarstæðið sjálft sé nú að mestu horfið undir veg. Upp við og neðan túngarðs 862 er smávegis gróið svæði í dálítilli lægð. Þar er nokkuð þýft og mögulega gætu leynst þar tóftir. Annars er svæðið milli garðanna mjög uppblásið.

.....



Mynd 3. Friðlýstur túngarður við Kaldrana. Horft í norður. Ljósmynd Agnes Stefánsdóttir 2008.

Verndunarforsendur

Einu heimildirnar um bæ á þessum stað eru þjóðsögur sem skráðar voru af Jóni Árnasyni.


Túngarðurinn bendir hins vegar til þess að einhver fótur sé fyrir sögum um bæ á þessum stað og túngarðsleifar í brekkunni ofan vegar renna frekari stoðum undir það. Hér væri því um að ræða jafnvel elsta bæjarstæði á svæðinu og sem slíkt hefur það mikið rannsóknargildi. Ekki er ólílegt að finna megi fleiri minjar á þessum stað. ..

Svæðið sem um ræðir er á loftmynd sem merkt er með I í gögnum frá HS Orku. Í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr.80/2012) er fjallað um friðhelgun og merkingar. Þar segir m.a. í 1. mgr.: *Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.*

Eins og fram kemur í skýrslu Agnesar Stefánsdóttur, sjá hér að ofan, eru líkur á að vegurinn hafi verið lagður yfir bæjarstæði Kaldrana. Allt jarðrask við veginn gæti því hróflað við fornleifum undir yfirborðinu. Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að hafa framkvæmdaefirlit á staðnum þegar grafið verður fyrir rafstrengnum fram hjá því svæði þar sem túngarðarnir liggja sinn hvoru megin við veginn. Komi fornleifar í ljós ber að stöðva framkvæmdir, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við lagningu rafstrengs HS veitna frá Vatnsskarðsnámu til Krýsuvíkur. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
Deildarstjóri